



BREWDOG PLC

SAMANTEKT

HLUTI 1: KYNNING

Þetta yfirlitsskjal er hluti af útboðslýsingu dagsettri 9. september 2020 („Útboðslýsing“) sem er gefin út af BrewDog plc („Fyrirtækið“) og hefur verið samþykkt, á þeim degi, af Financial Conduct Authority, hæfum yfiröldum fyrir Bretland undir Hluta IV af lögum um fjármálaþjónustu og markaði frá árinu 2000. Hægt er að hafa samband við FCA hjá: Financial Conduct Authority, 12 Endeavour Square, London E20 1JN

Útboðslýsingin inniheldur þetta yfirlit, skráningarskjal og verðbréfalýsingu útgefni af BrewDog plc. Útboðslýsingin lýsir tilboði á áskrift („Tilboð“) af B hlutum að verðmæti £0.001 hver í fyrirtækinu („Nýir B hlutar“). Samkvæmt tilboðinu hyggst fyrirtækið afla allt að 7,5 milljónum punda. Tilboðið má hækka að ósk stjórnarmanna í að hámarki 50 milljónir punda.

Tengiliðsupplýsingar útgefanda eru:

Heimilisfang	Netfang	Vefsíða	Sími	LEI auðkenni
Balmacassie Industrial Estate, Ellon, Aberdeenshire, AB41 8BX	info@brewdog.com	www.brewdog.com	01358 724924	213800DAEV1 T2UOHJE09

Aðvörðun: Samantekt þessa ætti að lesa sem inngang að útboðslýsingu. Ákvörðun væntanlegs fjárfestis um að fjárfesta í verðbréfunum skal tekin á grundvelli útboðslýsingarinnar í heild. Fjárfestar gætu tapað öllum fjárfestum höfuðstól eða hluta hans. Ef farið er fyrir dómstóla með kröfu, sem varðar upplýsingar í útboðslýsingu, gæti fjárfestirinn sem kærir, samkvæmt innlendra löggjöf, þurft að bera kostnað af þýðingu útboðslýsingarinnar áður en málareksturinn hefst. Einkaréttarábyrgð fellur á þá einstaklinga sem lögðu fram samantektina, þ.m.t. þýðingu á henni, en þó einungis ef samantektin er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta útboðslýsingarinnar eða ef hún veitir ekki, þegar litið er til annarra hluta útboðslýsingarinnar, lykilupplýsingar sem fjárfestirinn getur stutt sig við þegar hann ákveður hvort fjárfesta eigi í nýju B verðbréfunum.

HLUTI 2: LYKILUPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

Hver er útgefandi verðbréfanna?

Útgefandi verðbréfanna sem varða þessa útboðslýsingu er BrewDog plc („Fyrirtækið“). Fyrirtækið er almennt hlutafélag sem er skráð og heimilisfast í Skotlandi undir skráningarnúmerinu SC311560. Auðkenni lögaðila er 213800DAEV1T2UOHJE09. Helsta löggjöfin sem fyrirtækið starfar samkvæmt, er lagagerð sem fellur undir breskan félagarétt; The Companies Act 2006 („Lögin“) og þær reglugerðir sem undir þá löggjöf falla.

Á síðustu átta árum hefur BrewDog verið í hópi þeirra matvæla- og drykkjarvöruframleiðenda í Bretlandi sem hafa stækkað hvað hraðast. Fyrirtækið er fyrst og fremst í framleiðslu sælkerabjóra (e. craft beers) en rekur einnig yfir 100 bari í Bretlandi og á heimsvísu (þeirra á meðal eru staðir sem starfræktir eru með sérleyfi) ásamt einu sælkerabjóra-hótelu. Á síðustu fimm árum hafa tekjur BrewDog vaxið að meðaltali um 49% á ári og frá 2009 hefur fyrirtækið og dótturfélag þess í Bandaríkjunum BrewDog USA Inc. aflað meira en 79 milljónum punda í gegnum hópþjármögnunartilboð sem nefnast „Equity for Punks“ og útgáfu skuldabréfa með hópþjármögnun.

Fyrirtækið er helsta verslunarfyrirtæki samstæðunnar og á að fullu sjö dótturfélög í Bretlandi, BrewDog Retail Limited, sem er rekstrarfyrirtæki í tengslum við bari samstæðunnar í Bretlandi, Lone Wolf Spirits Limited, sem er óvirkt, BrewDog Admin Limited, sem er óvirkt, BrewDog International Limited, sem er eignarhaldsfyrirtæki fyrir alþjóðlega bari, Draft House Holding Limited, sem er eignarhaldsfélag fyrir viðskipti með sælkerabjór í Bretlandi, Overworks Limited, sem er óvirkt og Hawkes Cider Limited, sem er óvirkt.

Fyrirtækið á tvö bandarísk dótturfélög, BrewDog USA Inc og BrewDog Media Inc, ástralska dótturfélagið BrewDog Group Australia Pty Ltd, belgíska dótturfélagið BrewDog Belgium SPRL, brasilíska dótturfélagið, BrewDog do Brasil Comércio de Alimentos e Bebidas Ltda, þýska dótturfélagið BrewDog GmbH, sænskt dótturfélag, Brúdog Sweden AB, sem er eignarhaldsfyrirtæki fyrir sænska bari, Hong Kong dótturfélagið, Brewdog Group HK Limited, og spænska dótturfélagið BD Casanova SL. Fjöldi dótturfélaga fyrirtækisins á sín eigin dótturfélög.

Frá og með 8 september 2020, eiga TSG Consumer Partners, í gegnum tvö samlagsfélög skráð á Cayman-eyjum, 16160.849 verðbréf í C-forgangshluta og 891.383 verðbréf í A-hluta (sem eru u.þ.b. 23% af útgefnum hlutabréfum fyrirtækisins).

Frá og með 8 september 2020, eiga eftirfarandi lykilmenn í stjórn fyrirtækisins, samanlagt A-hluti sem samsvara u.þ.b. 52,07% af útgefnum heildarhlutabréfum eins og hér kemur fram:

Endurskoðendur fyrirtækisins eru Ernst & Young LLP frá Blenheim House, Fountainhall Road, Aberdeen AB15 4DT.

Hluthafi	Fjöldi A-hluta í eign	Hlutfall af útgefnum hlutafé
James Watt	18.004.237	24,56%
Martin Dickie	15.744.233	21,48%
Charles Keith Greggor*	3.822.039	5,21%
Neil Simpson	597.736	0,82%

* Í gegnum Griffin Group LLC og Kelso Ventures LLC

Hverjar eru helstu fjárhagslegu upplýsingar varðandi þennan útgefanda?

Settar eru fram ákveðnar lykilupplýsingar um fyrirtækið hér að neðan:

	Endir endurskoðaðs tímabils til 31. desember 2019 (£ '000)	Endir endurskoðaðs tímabils til 31. desember 2018 (£ '000)	Endir endurskoðaðs tímabils til 31. desember 2017 (£ '000)
Vergar tekjur	214.896	171.619	110.870
Rekstrarhagnaður/tap	3.733	391	2.704
Nettóhagnaður	1.050	(1.493)	870

Efnahagsreikningur

	Endir endurskoðaðs tímabils til 31. desember 2019 (£ '000)	Endir endurskoðaðs tímabils til 31. desember 2018 (£ '000)	Endir endurskoðaðs tímabils til 31. desember 2017 (£ '000)
Heildareignir	361.559	233.199	203.224
Heildarfjármagn	177.060	164.994	146.823

Sjóðstreymi samstæðunnar

	Endir endurskoðaðs tímabils til 31. desember 2019 (£ '000)	Endir endurskoðaðs tímabils til 31. desember 2018 (£ '000)	Endir endurskoðaðs tímabils til 31. desember 2017 (£ '000)
Hreint innstreymi/(útsstreymi) handbærs fjár frá starfsemi	4.700	(6.029)	4.865
Hreint innstreymi notað í fjárfestingar	(14.726)	(57.208)	(25.216)
Hreint innstreymi notað í fjármögnun	6.212	13.717	105.690
Hrein (minnkun)/ aukning handbærs fjár	(3.814)	(49.520)	85.339
Handbært fé og ígildi handbærs fjár í árslok	35.164	38.978	



Hverjar eru helstu áhættur sem eru sértækar fyrir þennan útgefanda?

- Þann 11. mars 2020, lýsti Alþjóðaheillbrigðismálastofnunin (WHO), yfir uppkomu nýrrar tegundar af kórónaveirusjúkdómi, COVID-19, sem alheimsfaraldri. Bretland og aðrar ríkisstjórnir á heimsvísu hafa tekið skref til að hemja útbreiðslu veirunnar, þar á meðal mæla með sjálfseinangrun og setja á ferðatakmarkanir, sóttkví og aflýsingu samkoma og viðburða. Áhrifin á Bretland heimsefnahaginn hafa hingað til verið mikil og haft áhrif á útboðslýsingar margra fyrirtækja, þar á meðal fyrirtækisins. Með tilliti til tímabilsins milli síðasta reikningsárs sem endaði 31. desember 2019 og 30. júní 2020 (sem er dagsetning síðustu óendurskoðuðu rekstrarreikninga samstæðunar), voru vergar heildartekjur 108.025.463 pund (miðað við tekjuáætlun að upphæð 126.682.293 pund). Þetta hefur leitt af sér hreint heildartap yfir þetta tímabil að upphæð 8.151.071 pund. Söluveildin, sem sér um sölur fyrirtækisins hefur sérstaklega orðið fyrir áhrifum af faraldrinum, hún náði vergum tekjum rétt undir helmingi af áætlaðri upphæð á tímabilinu 31. desember 2019 til 30. júní 2020, sem leiddi af sér hreint tap upp á 9.242.044 pund fyrir þennan hluta fyrirtækisins. Heildarlangtímaáhrif faraldursins á samsteypuna eru enn óljós við útgáfu þessarar útboðslýsingar. Fyrirtækið hefur engar núverandi áætlanir um að breyta eða fresta innleiðingu skipulagðra forgangsverkefna, og það er skoðun fyrirtækisins, að tiltækur höfuðstóll nægi til núverandi þarfa, það er, í að minnsta kosti 12 mánuði frá dagsetningu þessa skjals. Hins vegar er það ljóst að frekari herðing á takmörkunum (þar á meðal nýlega innleidd "lokunartímabil" fyrir almenning) í framtíðinni gæti haft viðtæk áhrif á verslun til langtíma og vaxtarmöguleika samsteypunnar, þar á meðal getuna til að framfylgja valinni vaxtaráætlun, og á endanum til langs tíma minnkað virði hlutabréfa fyrirtækisins.
- Þar sem fyrirtækið hefur nýlega opnað bruggaðstöðu í Columbus (Ohio, BNA), Þýskalandi (Berlin) og hefur hafið byggingu annarrar aðstöðu í Ástralíu (Brisbane), fer bruggframleiðsla í Bretlandi og Evrópu að mestu leyti fram á einum stað í Ellon (Skotland) og komi til langrar stöðvunar á framleiðslunni (t.d. vegna eldsvoða eða inngrips í iðnaðinn) í aðstöðunni í Ellon, gæti slíkt haft neikvæð áhrif á getu fyrirtækisins til að brugga sínar vörur. Slíkt gæti á móti haft neikvæð áhrif á starfsgetu fyrirtækisins, fjárhagsstöðu þess og framtíðarhorfur.
- Einhver eða öll vinveitingahús á vegum BrewDog gætu misst vinveitingaleyfið eða opnunartímar þeirra gætu verið skertir vegna ákvarðana leyfisveitinganefnda í tilteknum umdæmum og svæðum þar sem vinveitingahúsin eru staðsett eða vegna hvers kyns breytinga í lagaumhverfi varðandi leyfisveitingar til staða í hinum ýmsu lögsagnarumdæmum þar sem BrewDog á vinveitingahús, með neikvæðum afleiðingum á arðsemi fyrirtækisins.
- Fyrirtækið gæti farið út í frekari fjármögnun með sölu hlutafjár sem gæti þynnt út eignir núverandi hluthafa eða leitt til útgáfu verðbréfa (svo sem fleiri C-hluta í forgangi eða öðrum flokkum sem fylgja meiri réttindi) hvers réttindi, forgangur og forréttindi eru meiri en sem fylgja B-hlutum, og þannig getur virði nýju B-hlutanna minnkað, en fyrirtækið getur gripið til slíkra aðgerða án sérstaks samþykkis eigenda B-hluta.
- Fyrirtækið hefur hrint í framkvæmt tillögum um að 10% af hagnaði þess séu greidd jafnt meðal starfsmanna þess á hverju ári og þar að auki fer 1 milljón punda á hverju ári til BrewDog Foundation, sem gefur peningana til góðgerðasamtaka sem stofnunin velur. Þessi stefna um árleg framlög til góðgerðamála mun minnka þann hagnað sem hægt er greiða sem arð til hluthafa og nota til endurfjárfestinga í aukningu viðskipta fyrirtækisins.
- Fyrirtækið er með samninga við sína helstu birgja og er háð jákvæðum samskiptum við birgjana sem og að samböndin haldist. Sé slíkum samningum rift, skilmálum þeirra breytt eða geti mikilvægur birgji ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningum (þ.m.t. ef mikilvægur birgji verður gjaldproti) gæti slíkt haft neikvæð áhrif á arðsemi fyrirtækisins.

HLUTI 3: LYKILUPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉFIN

Hverjir eru helstu eiginleikar verðbréfanna?

Verðbréfin sem boðin eru til sölu samkvæmt útboðinu eru B-hlutar upp á £0.001 hver (**Nýir B-hlutar**). Hlutfé fyrirtækisins samanstendur nú af A-hlutum upp á £0,001 hver hlutur, B-hlutum upp á £0,001 hver og C-forgangshlutum upp á £0,001 hver. Við dagsetningu þessa skjals eru útgefnir A-hlutar 43.790.943 talsins, B-hlutar 13.352.887 og 16.160.849 C-forgangshlutar (allir að fullu greiddir).

Hámarksfjöldi nýrra B-hluta sem gert er ráð fyrir að gefa út samkvæmt útboðinu er u.þ.b. 298.210 ef áskrift fæst að öllum boðnum hlutum eða 7,5 milljónum punda. Ef háleitasta 50 milljóna punda markmiðið næst, verða gefnir út u.þ.b. 1.988.071 nýir B-hlutar.

Nýju B-hlutirnir eru jafn hátt settir að öllu leyti og þeir B hlutir sem þegar liggja fyrir.

Stjórnin getur að vild hafnað hvers kyns framsali á verðbréfunum. Núverandi stefna fyrirtækisins er að greiða ekki út neinn arð heldur fjárfesta allan arð í fyrirtækinu til að knýja áfram vöxt þess.

Hvar verður verslað með nýju verðbréfin?

Engin viðskipti verða með nýju B-hlutana á skipulögðum markaði og ekki þarf að sækja um aðgang að neinum skipulögðum verðbréfamarkaði fyrir nýju B-hlutana.

Fylgir verðbréfunum ábyrgð?

Það er engin ábyrgð sem fylgir nýju B-hlutunum.

Hverjar eru helstu áhættur sem eru sértækar fyrir þessi verðbréf?

- Virði hlutabréfa í BrewDog getur hækkað sem og lækkað, ef fjárfest er í því er hugsanlegt að peningarnir fái ekki til baka. Fyrri afkoma er ekki nauðsynlega vísbending um afkomu í framtíðinni.
- Áður en ákvörðun er tekin er rétt að hugsa um hvort það henti og ekki fjárfesta fyrir meira en efni eru á.
- BrewDog er ekki skráð á markað og þó það gæti breyst í framtíðinni, er engin trygging fyrir því að það verði skráð á markað né á hvaða tímakvarða. Sem slíkt, fellur BrewDog ekki undir listareglur FCA, AIM reglurnar, bresku lögin um stjórnunarhætti fyrirtækja, eða hverskyns aðrar reglur eða reglugerðir sem ná til fyrirtækja með verðbréf sem eru sett á eða verslað með á skipulögðum verðbréfamarkaði eða miðlun. Samkvæmt þessu munu hluthafar BrewDog hvorki hafa þau réttindi eða þá vernd sem tiltæk er fyrir hluthafa í almennt skráðum fyrirtækjum.
- Útboðið er háð samþykki hluthafa á aðalfundi fyrirtækisins. (væntanlega haldinn í september 2020). Fari svo ólíklega að ályktanirnar verði ekki samþykktar, verður ekki af útboðinu.
- Meira en helmingur hlutabréfa í BrewDog eru í eigu stofnenda fyrirtækisins og starfsfólks þess. Með slíka stöðu geta þau komið ákvörðunum í gegn á aðalfundum, jafnvel þeim sem fjárfestar og þátttakendur í útboðinu, sem minnihlutaeigendur, kunna að vera ósammála.
- Rétt rúmlega 22% af útgefnum hlutabréfum í BrewDog eru C-forgangshlutabréf með forgang við gjaldprotaskipti fram yfir A-hluta og B-hluta, sem þýðir að hlutur B-hluthafa af gjaldprotaskiptum eða heildararðs eigin fjár kann að vera skertur eða enginn.
- Stjórnarmenn eiga rétt á því að hafna hvers kyns framsali á verðbréfunum. Þannig má koma í veg fyrir að fjölbjóðlegir og risavaxnir bjórframleiðendur kaupi hluti í BrewDog.
- Þeim afslætti og annarri hagsbót sem fjárfestar eiga rétt á getur fyrirtækið breytt (þar með talið fjarlægð eða skipt út) að eigin ákvörðun.

HLUTI 4: LYKILUPPLÝSINGAR UM ÚTBOÐ Á VERÐBRÉFUM FYRIR ALMENNING

Við hvaða skilyrði og tímatöflu get ég fjárfest í þessum verðbréfum?

Útboðið samanstendur af B-hlutum í fyrirtækinu á verðinu 25,15 pund hver hlutur. Umsóknir verða að berast eigi síðar en 28. janúar 2021 (nema útboðinu ljúki fyrr vegna fullrar áskriftar eða að stjórnarmenn ákveði að framlengja það). Lágmarksáskrift er 50,30 pund fyrir tvo nýja B-hluti. Hámarksáskrift í gegnum umsókn á netinu er 12.575 fyrir fyrir 500 nýja B-hluti. Ekkert hámark er á áskrift þegar fjárfest er með ávísun og umsóknareyðublaði á pappírformi, sem fylgir með útboðslýsingunni. Á meðan beðið er eftir útgáfu hinna nýju B-hluta verður áskriftarféð geymt á reikningi sem ekki ber vexti hjá aðilanum sem veitir því viðtöku.

Afrif af yfirlitinu, lýsing á verðbréfunum og skráningarskjalið er tiltækt (sem og verða tiltækar viðbætur við útboðslýsinguna sem gefnar eru út af fyrirtækinu) að kostnaðarlausu hjá skrifstofum BrewDog, við Balmacassie Commercial Park, Ellon, Aberdeenshire, AB41 8BX, Skotlandi, á vefsíðu BrewDog hjá www.brewdog.com/equityforpunks og hjá skrifstofum RW Blears LLP, lagalegum ráðgjafa fyrirtækisins, við 15 Old Square, Lincoln's Inn, London WC2A 3UE.

Um það bil 298.210 B-hlutir verða gefnir út í kjölfar útboðsins ef áskrift fæst fyrir öllum boðnum hlutum með 7,5 milljóna punda markmiðinu. Nýju B-hlutirnir sem gefnir eru út samkvæmt útboðinu myndu því samsvara u.þ.b. 0,41% af öllum útgefnum hlutum þegar útboðinu lýkur ef áskrift fæst fyrir öllum boðnum hlutum (en ekki hækkað). Ef háleitasta 50 milljóna punda markmiðið næst verða gefnir út u.þ.b. 1.988.071 nýir B-hlutar í heildina, en það samsvarar 2,64% af öllum útgefnum hlutum þegar útboðinu lýkur.



Upphaflegur heildarkostnaður við útboðið er áætlaður vera 500.000 pund. Stjórnarmenn hafa heimild til að hækka útboðið að hámarki í 50 milljónir punda og áætlað er að kostnaðurinn verði u.þ.b. 100.000 pund til viðbótar fyrir hverjar 10 milljónir sem safnað er til viðbótar. Fyrirtækið leggur engan kostnað á fjárfesta hvað útboðið varðar.

Af hverju er verið að gera þessa útboðslýsingu?

Stjórnarmenn telja að útboðið veiti fyrirtækinu meira eigið fé til að styðja við frekari vöxt þess. Fyrirtækið hyggst nota afrakstur útboðsins í almennan rekstur, líkt og útlistað er nákvæmar hér að neðan.

Ef háleitasta markmið fyrirtækisins um að afla 7.5 milljóna punda næst, mun fyrirtækið leitast við að fjármagna eftirtalin verkefni:

Kostnaður	Áætluð fjármögnunarpörf
Bein vindorka	1 milljón punda
CO2 endurheimt	1 milljón punda
Jarðgasvinnsla	1 milljón punda
BSG græn gasvinnsla	750.000 pund
BrewDog bar morgundagsins (x3)	1 milljón punda
Columbus Hop Farm	750.000 pund
Rafbílaflotinn	1,5 milljón punda

Ef háleitasta markmið fyrirtækisins um að afla 50 milljóna punda næst, mun fyrirtækið leitast við að fjármagna eftirtalin verkefni:

Miðstöðvar BrewDog	1 milljón punda
Sólarorka	3 milljónir punda
Átöppunarlína	5 milljónir punda
Brugghús í Frakklandi	12,5 milljónir punda
Brugghús í Asíu	12,5 milljónir punda
Vistvæn áfengisgerð	5 milljónir punda
Vörur fyrir framtíðina	2,5 milljónir punda

Ef útboðið skilar minna en það 50 milljón punda hámark sem stefnt var að, munum við samt halda áfram með þessi verkefni, en forgangsröð þeirra kann að breytast. Ofangreind verkefni eru í lauslegri forgangsröð og sú röð getur breyst.

Útboðið er ekki undirritað.

Eftir því sem útgefandinn best veit, á engin persóna sem á þátt í útgáfu nýju B-hlutana hagsmuna að gæta varðandi útboðið og það eru engir hagsmunaárekstrar sem tengjast útboðinu.



BREWDOG